

Minnisblað um kjör alþingismanna

27. febrúar 2017

Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskaði eftir því 6. febrúar 2017 að Hagstofa Íslands tæki saman greinargerð um þróun kjara alþingismanna frá árinu 2006. Beiðnin er tvíþætt og tekur annars vegar til kjara alþingismanna með tilliti til samsetningarbreytinga og hins vegar þróun kjara miðað við almenna launaþróun.

Greiningin byggir á gögnum úr launarannsókn Hagstofunnar fyrir árin 2006 til 2016. Samræmd gögn fyrir ríkisstarfsmenn, þar með talið alþingismenn, ná einungis aftur til ársins 2006 og markar það ár því upphaf greiningarinnar.

Niðurstöður má finna í excelskjali en í minnisblaðinu er gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum. Minnisblaðið er í þremur þáttum; almennar forsendur, meðallaun og launaþróun alþingismanna.

Árleg launaþróun miðast við breytinga á launum milli nóvembermánaða hvers árs. Það er sama tímabil og er í skýrslu heildarsamtaka vinnumarkaðarins sem hefur komið út árlega síðustu ár. Viðmiðunartímabil í þeirri skýrslu nær einnig aftur til ársins 2006.

Almennar forsendur

Launarannsókn Hagstofunnar byggir á sjálfvirkri söfnun launagagna beint úr launakerfum fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Launarannsóknin byggir á staðlaðri færslu sem er hönnuð til að fanga breytileika í samsetningu launa á vinnumarkaðinum í heild sinni en hentar hins vegar misvel fyrir nákvæma greiningu einstakra starfshópa. Sé horft til launagagna fyrir alþingismenn þá skilar færslan grófri sundurliðun í grunnlagvinnulaun, aukagreiðslur og eingreiðslur. Því verður að gera fyrirvara við að greiningin muni skila nákvæmum upplýsingum um breytingar sem hafa orðið á samsetningu kjara þingmanna líkt og óskað er eftir. Greiningin takmarkast við laun alþingismanna og eru ráðherralaun þar með undanskilin.

Meðallaun þingmanna eru reiknuð miðað við nóvembermánuð annars vegar og allt árið hins vegar. Reiknað er meðaltal og miðgildi fyrir grunnlaun, regluleg laun og heildarlaun. Samanburður byggir áður birtum niðurstöðum Hagstofunnar en þar sem niðurstöður fyrir 2016 hafa ekki verið birtar byggja samanburðartölur um meðallaun 2016 á framreikningi með launavísitölu.

Launaþróun alþingismanna er reiknuð fyrir nóvembermánuð hvers árs og tekið mið af þremur launahugtökum. Í fyrsta lagi er reiknuð breyting á reglulegu tímakaupi til samræmis við launavísitölu Hagstofunnar, í öðru lagi breyting á hreinu tímakaupi og að lokum meðaltímakaupi. Reglulegt tímakaup er samsett úr grunnlagvinnulaunum og reglulegum aukagreiðslum. Breytingar á hreinu tímakaupi sýna þróun grunnlagvinnulauna sem í tilviki þingmanna felst í þingfararkaupi. Þróun á meðaltímakaupi endurspeglar breytingar á öllum launagreiðslum þingmanna að undanskildum eingreiðslum og leiðréttingum. Til samanburðar er sýnd almenn launaþróun sem er mæld með launavísitölu á grundvelli reglulegs tímakaups.

Með greinargerðinni fylgir excel-skjal með niðurstöðum en í þessu minnisblaði er greint frá helstu niðurstöðum.

Úrskurðir kjararáðs og launagögn

Við túlkun á niðurstöðum er mikilvægt að horfa til þess hvenær úrskurðir kjararáðs um kjör alþingismanna koma til framkvæmda í gögnum launarannsóknar Hagstofunnar. Tafla 1 gefur yfirlit yfir úrskurði kjararáðs á tímabilinu sem hér er lagt til grundvallar og hvenær þeir koma fram í gögnum launarannsóknar. Rétt er að benda á að í nóvember 2016 koma til framkvæmda þrjú úrskurðir kjararáðs vegna þingmanna þar sem úrskurður frá 17. nóvember 2015 kemur ekki til framkvæmda fyrr en eftir lok nóvembermánaðar auk þess sem úrskurðir frá 1. júní 2016 og 1. nóvember 2016 hafa einnig áhrif. Hækkun milli nóvember 2015 og 2016 felur þar af leiðandi í sér áhrif þessara þriggja úrskurða.

Tafla 1. Úrskurðir kjararáðs og hvenær þeir koma fram í launagögnum 2006-2016

Úrskurðir komnir til framkvæmda í gögnum	Dags. gildi	Úrskurður	Nánar	Dags. úrskurðar
	1.10.2006	3,60%		
nóv. 2007	1.1.2007	2,90%		19.12.2006
	1.1.2008	2,0%		29.11.2007
nóv. 2008	1.5.2008	Krónutöluhækkun	20.300 kr.	27.8.2008
nóv. 2009	1.1.2009	Lækkun	Þingfara kaup 520.000 kr.	27.12.2008
			+ 50 þús.kr. eingreiðsla og 25 þús.kr. álag á	
nóv. 2011	1.6.2011	4,90%	desemberuppbót	28.6.2011
	1.10.2011	Lækkun afturkölluð		21.12.2011
nóv. 2012	1.3.2012	3,50%		28.2.2012
nóv. 2013	1.3.2013	3,25%		12.2.2013
	1.2.2014	Eingreiðsla	38.000 kr.	16.1.2014
nóv. 2014	1.2.2014	3,40%		30.6.2014
	1.3.2015	9,30%		17.11.2015
	1.6.2016	7,15%		9.6.2016
nóv. 2016	1.11.2016	Krónutöluhækkun	Þingfara kaup 1.101.194 kr.	29.10.2016

Meðallaun þingmanna

Hagstofan hefur reiknað meðallaun alþingismanna í nóvember ár hvert fyrir tímabilið 2006-2016, sjá töflu 2. Til samanburðar voru einnig reiknuð meðallaun hvers árs, sjá töflu 3. Reiknað var meðaltal og miðgildi fyrir grunnlaun, regluleg laun og heildarlaun¹.


Í nóvember árið 2006 voru alþingismenn með 508 þús.kr. í grunnlaun, 547 þús.kr. í regluleg laun og 631 þús.kr. í heildarlaun. Í nóvember 2016 voru alþingismenn með 1.101 þús.kr. í grunnlaun, 1.164 þús.kr. í regluleg laun og 1.359 þús.kr. í heildarlaun. Sé horft til ársins 2006 í heild sinni voru alþingismenn með 490 þús.kr. í grunnlaun, 526 þús.kr. í regluleg laun og 615 þús.kr. í heildarlaun. Árið 2016 voru grunnlaun alþingismanna 790 þús.kr., regluleg laun 851 þús.kr. og heildarlaun 1.089 þús.kr. Munurinn á meðallaunum í nóvember annars vegar og ársins í heild sinni hins vegar skýrist af breytingu launa innan ársins.

¹ Nánari niðurstöður eru í excelskjali sem fylgir minnisblaðinu.

Samanburðartölur eru sóttar í áður birtar tölur Hagstofunnar um meðallaun fyrir árið 2015 en þar sem niðurstöður fyrir árið 2016 liggja ekki fyrir voru meðallaun ársins 2015 framreiknuð með launavísitölu. Hér er notast við meðallaun ársins í stað nóvember þar sem opinberar hagtölur byggja ekki á nóvembermánuði. Hins vegar hefur Hagstofan unnið sambærilegar tölur frá árinu 2006 sem byggja á nóvembermánuði um helstu heildarsamtök á vinnumarkaði fyrir aðila vinnumarkaðarins vegna kjarasamningsgerðar. Þær niðurstöður hafa verið birtar á vettvangi ríkissáttasemjara² en niðurstöður ársins 2016 eru í endurskoðun og hafa ekki verið birtar ennþá.

Tafla 2. Meðallaun allt árið fyrir alþingismenn 2006-2016 og alla 2008-2016. Meðaltal í þúsund krónum.

Ár	Alþingismenn			Allir ³		
	Grunnlaun	Regluleg laun	Heildarlaun	Grunnlaun	Regluleg laun	Heildarlaun
2006	490	526	615	-	-	-
2007	524	558	654	-	-	-
2008	548	587	693	-	326	428
2009	520	561	664	-	345	425
2010	520	554	655	-	358	431
2011	533	568	728	-	376	460
2012	606	649	862	-	402	488
2013	629	671	854	-	435	526
2014	649	706	928	-	454	555
2015	664	720	974	467	499	612
2016	790	851	1.089	520	556	682



Mynd 1. Regluleg laun fullvinnandi árin 2008-2016. Meðaltal í þúsund krónum

² http://rikissattasemjari.is/static/files/kjolfar_15072016.pdf


³ Ársmeðallaun fyrir alla á vinnumarkaði hafa ekki verið reiknuð fyrir árin 2006 og 2007 auk þess sem grunnlaun allra hafa ekki verið reiknuð fyrir árin 2006-2014.

Launaþróun alþingismanna

Launaþróun byggir á útreikningi tímakaups þar sem launagreiðslur eru deildar með greiddum stundum. Greiddar stundir alþingismanna endurspeglar einungis 40 stunda vinnuviku þar sem ekki er greitt samkvæmt unnum stundum. Sambærilegt fyrirkomulag fastlaunasamninga þekktist einkum meðal stjórnenda og sérfræðinga. Reiknuð var þróun reglulegs tímakaups fyrir alþingismenn og borið saman við almenna launaþróun samkvæmt launavísitölu. Auk þess var reiknuð þróun á hreinu tímakaupi til að varpa ljósi á þróun þingfararkaups og meðaltímakaupi sem endurspeglar allar greiðslur, nema eingreiðslur og leiðréttingar, á greidda stund.

Tafla 3. Launaþróun alþingismanna og launavísitala Hagstofunnar fyrir alla og fyrir einstaka launþegahópa 2006-2016. Vísitölur (2006=100).

Ár	Alþingismenn			Launavísitala ⁴				
				Allir	Ríkisstarfsmenn	Starfsmenn sveitarfélaga	Opinberir starfsmenn alls	Almennur vinnu- markaður
	Hreint tímakaup	Reglulegt tímakaup	Meðal-tímakaup	Reglulegt tímakaup	Reglulegt tímakaup	Reglulegt tímakaup	Reglulegt tímakaup	Reglulegt tímakaup
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2007	105,6	107,9	108,3	108,3	107,9	105,2	106,7	109,2
2008	111,7	113,6	114,6	116,7	121,6	118,7	120,3	116,2
2009	103,3	105,8	106,4	121,4	122,8	125,7	123,9	120,1
2010	103,3	107,0	107,0	127,1	125,4	127,8	126,2	127,8
2011	108,4	112,3	120,8	138,6	136,9	138,2	137,2	139,8
2012	121,3	125,9	140,9	145,5	142,8	143,4	142,8	147,0
2013	125,2	133,7	145,6	154,4	151,5	150,4	150,7	155,9
2014	129,4	138,4	150,1	164,6	161,8	165,9	163,3	165,3
2015	129,4	138,5	150,7	178,9	178,3	178,5	178,0	180,0
2016	218,8	224,8	222,0	196,2	196,5	200,7	198,0	196,6




Mynd 2. Launaþróun reglulegs tímakaups alþingismanna og launavísitala Hagstofunnar fyrir alla og fyrir einstaka launþegahópa 2006-2016. Vísitölur (2006=100).

⁴ Launavísitala 2006-2015 byggir á meðaltali 4. ársfjórðungs í stað nóvembermánaðar.

Tafla 4. Launþróun alþingismanna og launavísitala Hagstofunnar fyrir alla og fyrir einstaka launþegahópa 2006-2016. Breytingar milli ára (%).

Ár	Alþingismenn			Launavísitala ⁵				
				Allir	Ríkis- starfsmenn	Starfsmenn sveitarfélaga	Opinberir starfsmenn alls	Almennur vinnumarkaður
	Hreint tímakaup	Reglulegt tímakaup	Meðal- tímakaup	Reglulegt tímakaup	Reglulegt tímakaup	Reglulegt tímakaup	Reglulegt tímakaup	Reglulegt tímakaup
2006								
2007	5,6%	7,9%	8,3%	8,3%	7,9%	5,2%	6,7%	9,2%
2008	5,8%	5,3%	5,8%	7,8%	12,7%	12,8%	12,7%	6,4%
2009	-7,5%	-6,9%	-7,1%	4,0%	1,0%	5,9%	3,0%	3,4%
2010	0,0%	1,2%	0,5%	4,7%	2,1%	1,7%	1,9%	6,4%
2011	4,9%	4,9%	12,9%	9,0%	9,2%	8,1%	8,7%	9,4%
2012	11,9%	12,1%	16,7%	5,0%	4,3%	3,8%	4,1%	5,1%
2013	3,2%	6,2%	3,3%	6,1%	6,1%	4,9%	5,5%	6,1%
2014	3,4%	3,5%	3,1%	6,6%	6,8%	10,3%	8,4%	6,0%
2015	0,0%	0,1%	0,4%	8,7%	10,2%	7,6%	9,0%	8,9%
2016	69,0%	62,3%	47,3%	9,7%	10,2%	12,4%	11,2%	9,2%



Mynd 3. Launþróun reglulegs tímakaups alþingismanna og launavísitala Hagstofunnar fyrir alla og fyrir einstaka launþegahópa 2006-2016. Breytingar milli ára (%).

⁵ Launavísitala 2006-2015 byggir á meðaltali 4. ársfjórðungs í stað nóvembermánaðar.